

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Sveitarstjóri Dalabyggð
Sent: mánudagur, 13. janúar 2020 19:04
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Subject: FW: Ólafsdalsfélagið - styrkbeiðni vegna 2020

Það verður haldin vegleg Ólafsdalshátíð þann 8. ágúst 2020 (sú þrettánda í röðinni) og ýmislegt fleira gert til að halda upp á að árið 2020 verða 140 ár liðin frá stofnun Ólafsdalsskólans. Einnig verður lífrænni grænmetisræktun fram haldið. Þá verður áhersla lögð á að skrá muni úr Ólafsdal sem er víða að finna, m.a. í Dölum og á meðal ættingja Torfa og Guðlaugar. Ennfremur mun félagið vinna áfram að markaðssetningu Ólafsdals í samvinnu við Minjavernd, s.s. með kynningu á forleifarannsóknum þar og uppbyggingunni í heild sinni. Þá vinnur félagið að því að koma kirkugarðiunu að Hvoli í Saurbæ í betra horf og jafnframt sýna leiði Torfa og Guðlaugar þann sóma sem því ber. Verður það verkefni unnið í samstarfi við Kirkjugarðasjóð. Ekki verður um fasta sumaropnun að ræða 2020 þar sem miklar framkvæmdir eru framundan við endurreisn og endurbætur á byggingum í Ólafsdal á þessu ári.

Þannig verða ærin verkefni hjá Ólafsdalsfélaginu árið 2020 og áframhaldandi stuðningur Dalabyggðar því afar mikilvægur.

Með bestu kveðjum,
Rögnvaldur Guðmundsson
formaður Ólafsdalsfélagsins